



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

PR/jg

Reykjavík 19. apríl 2006

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn 620. mál

Samtök atvinnulífsins áttu þess kost að koma að athugasemdum við frumvarp þetta meðan það var í smíðum á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og var að mörgu farið að þeim ábendingum sem settar voru fram. Samtökin lýsa því yfir stuðningi við frumvarpið og sérstaklega við að gert skuli ráð fyrir stofnun fagráðs (35. gr.) þar sem fulltrúar atvinnulífsins geta komið að athugasemdum um gjaldskrár og stjórnvaldsfyrirmæli. Kaflinn um réttarræði, viðurlög o.fl. er þó afar viðamikill og varla í samræmi við þá hagsmuni sem verið er að verja með lögum þessum.

Virðingarfyllt

Pétur Reimarsson

